Kópavogsbær

Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Bt. Björg Baldursdóttir, formaður

12.08.2026

Efni: Drög að breytingum á reglum um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Kópavogi

Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk er lögbundin þjónusta skv. 29.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 en þar segir einnig að sveitarstjórnum sé heimilt að setja reglur um þjónustuna og innheimta gjald í samræmi við gjald fyrir almenningssamgöngur. Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk voru síðast uppfærðar í júlí 2025.

Í fyrstu grein er leiðrétt orðalag en í dag er almennt notast við hugtakið *akstursþjónusta* í stað *ferðaþjónusta*, þetta er samræmt í reglunum. Þá er gert skýrara að akstursþjónustan sé ætluð fólki sem fellur undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langverandi stuðningsþarfir og að umsækjandi eigi ekki rétt á akstri út frá öðrum lögum, reglugerðum eða reglum. Einnig er bætt við ákvæði sem áður var að finna í reglum um akstursþjónustu fyrir eldra fólk þess efnis að einstaklingar sem hafa fengið akstursþjónustu á grundvelli reglna um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk geti áfram nýtt þá þjónustu og þurfi ekki að færast yfir í akstursþjónustu fyrir eldra fólk við 67 ára aldur.

Í annarri grein er fjarlægt nafnið á þeirri deild sem heldur utan um akstursþjónustu fatlaðs fólks þar sem nafnið á deildinni/teyminu hefur breyst og getur breyst út frá skipulagsbreytingum í starfsemi velferðarsviðs hverju sinni.

Þriðja grein fjallar um gjaldtöku en þar er nefnt sérstaklega gjaldtöku fyrir akstursþjónustu sem veitt er vegna tímabundinnar hreyfihömlunar. Þetta ákvæði á ekki heima í þessum reglum og er því fellt á brott.

Í greinum fjögur til sex eru gerðar orðalagsbreytingar auk þess sem tekin var út málsgrein um atvikaskráningu þar sem kveðið er á um slíka skráningu og eftirfylgni í þjónustusamningi við akstursaðila. Um er að ræða flutning á ákvæði en ekki breytingu á framkvæmd.
Greinar sjö til sextán um endurskoðunarákvæði, leiðbeiningaskyldu, áfrýjun og persónuvernd eru ný ákvæði sem sett eru fram til þess að styrkja réttaröryggi notenda og samræma reglurnar öðrum reglum Kópavogsbæjar.

Að öðru leyti eru tillögurnar að meginstefnu til orðalags- og samræmingarbreytingar sem fela ekki í sér breytingar á réttindum þeirra sem njóta þjónustunnar samkvæmt gildandi reglum.

Lagt er til að drögum að breyttum reglum um akstursþjónustu fatlaðs fólks verði vísað til umsagnar í notendaráði í málefnum fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst
Anna Guðrún Halldórsdóttir
Teymisstjóri ráðgjafarteymis fullorðinna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026